

Til bæjarráðs

Garðabæ, 20.06.2019
Mál nr. 1810028

Efni: Betri Garðabær. Drög að framkvæmdaáætlun

Á fundi bæjarráðs 11. júní 2019 var bæjarstjóra falið að undirbúa áætlun vegna framkvæmdar verkefna sem kosin voru áfram af íbúum í lýðræðisverkefninu Betri Garðabær á vormánuðum.

Lögð eru fram drög að framkvæmdaráætlun fyrir árin 2019-2020.

Framkvæmt 2019	Kostnaður	Framkvæmt 2020	Kostnaður
Skjólveggur við heita potta í Ásgarði	2 milljónir	Útivistarstígur í Heiðmörk	20 milljónir
Útisturta við ströndina í Sjálandi	2 milljónir	Fjórir vatnsfontar	5 milljónir
Sundfatavindur í Álftaneslaug	1 milljónir	Leiksvæði við ströndina í Sjálandi	25 milljónir
Tíu áningastaðir með bekkjum (að hluta)	10 milljónir	Sjónaukar við Arnarnesvog	3 milljónir
Aparóla við Hofstaðaskóla	3 milljónir	Fræðsluskilti við stríðsminjar	5 milljónir
Fjölgun strætóskýla (að hluta)	12 milljónir	Ærslabelgur við Álftanesskóla	3 milljónir
		Yfirbyggt hjólaskýli við Aktu Taktu	5 milljónir
Samtals	30 milljónir	Samtals	66 milljónir

Verkefni sem verða framkvæmd árið 2020 fara í hönnun og mögulega innkaup árið 2019 og því fellur hluti af heildarkostnaði þeirra verkefna á árið 2019.

Framkvæmdaáætlun verður birt á vef Garðabæjar og uppfærð á 3 mánaða fresti og einnig verða framkvæmdirnar sýnilegar á kortavef bæjarins, undir „verklegar framkvæmdir“. Einnig verða birtar reglulegar fréttir á vef Garðabæjar og Facebook síðu bæjarins um framgang verkefnanna og þegar hverju verkefni er lokið.

Eftir að framkvæmdum við hvert verkefni verður lokið verður settur upp lítill skjöldur þar sem við á með vísun í verkefnið, Betri Garðabær 2019.

Í lok sumars verður tekin saman listi með þeim verkefnum sem komust ekki áfram og vísað til umfjöllunar í bæjarráði og áfram í viðeigandi nefnd eða til sviða í samræmi við afstöðu matshóps.

Endurmat á lýðræðisverkefninu Betri Garðabæ fer fram í haust hjá stýrihóp verkefnisins.